

b) Byrjunarmálmiðjuhæðin GM skal ekki vera minni en 0,35 m við öll hleðslutlík, eins og þau eru skilgreind í V-3, nema í ísingartilvikinu, þar sem Siglingastofnun Íslands getur heimilað lægri byrjunarmálmiðjuhæð.

Undanþága sem veitt er skv. þessari grein gildir aldrei lengur en til þess tíma er haffærisskírteini rennur út eftir 31. desember 1999. Eftir þann tíma fellur undanþágan niður og skal útgáfa haffærisskírteinis til báta, sem slíka undanþágu hafa fengið, vera háð því að bátarnir uppfylli stöðugleikakröfur skv. V-3.

Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka farsvið og skilyrða notkun þeirra báta sem fá undanþágu skv. þessari grein.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35, 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 7. janúar 1998.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 170/1987 um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra, með síðari breytingum.**

1. gr.

4. tl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar falli niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, skv. heimild í 2. mgr. 13. gr. sömu laga, sbr. a. lið 1. mgr. 33. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og 66. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. janúar 1998.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*